



Reykjavík, 8. desember 2025
MSS25080054

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Efni: Aðgerðir til að auka öryggi og faglegt starf á leikskólum Reykjavíkur

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 8. desember 2025 var lögð fram lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Flokks fólksins og Vinstri grænna ásamt bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 13. nóvember 2025, þar sem tilkynnt er að borgarráð vísi til meðferðar skóla- og frístundaráðs tillögum um aðgerðir til að auka öryggi og faglegt starf á leikskólum Reykjavíkur og skýrslu um tillögur til að auka öryggi og faglegt starf í leikskólum Reykjavíkur:

Lagt er til að tillögur um aðgerðir til að auka öryggi og faglegt starf á leikskólum verði samþykktar og sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs falið að innleiða þær.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt.
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Flokks fólksins og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Það er mikilvægt að auka öryggi og faglegt starf á leikskólum borgarinnar og því fagna samstarfsflokkarnir samþykkt tillagna skóla- og frístundasviðs um aðgerðir til að auka öryggi og faglegt starf á leikskólum Reykjavíkur. Um er að ræða víðtækar umbótatillögur sem miða að því að auka stuðning og eftirlit með leikskólum og bæta innra mat leikskólanna. Lagt er til að farið verði í auknar forvarnir gegn ofbeldi gagnvart börnum og umbætur á atvikaskráningum. Mest um vert er að styðja við faglega forystu í þeim tilgangi að auka öryggi innan leikskólasamfélagsins.

Virðingarfyllst

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Meðfylgjandi:

Tillaga ásamt greinargerð, dags. 4. desember 2025

Skýrsla um tillögur til að auka öryggi og faglegt starf í leikskólum Reykjavíkur



Reykjavík



Reykjavík, 4. desember 2025
MSS25080054

TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Flokks fólksins og Vinstri grænna

Tillaga um afgreiðslu tillagna um að auka öryggi og faglegt starf á leikskólum

Lagt er til að tillögur um aðgerðir til að auka öryggi og faglegt starf á leikskólum verði samþykktar og sviðsstjóra falið að innleiða þær.

Greinargerð:

Borgarráð samþykkti á fundi sínum þann 21. ágúst 2025 að fela skóla- og frístundasviði að leggja fram tillögur um úrbætur til að auka öryggi og faglegt starf á leikskólum Reykjavíkur. Skóla- og frístundasvið kynnti tillögur á fundi borgarráðs 13. nóvember 2025 og þar samþykkti borgarráð að vísa tillögunum til meðferðar skóla- og frístundaráðs og að kostnaðarmetnar tillögur færu jafnframt til nánari greiningar fjármála- og áhættustýringarsviðs. Tillögurnar voru kynntar á fundi skóla- og frístundaráðs 24. nóvember 2025.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur yfirfarið tillögur skóla- og frístundasviðs. Borgarstjórn samþykkti á fundi sínum 2. desember 2025 að skóla- og frístundasvið ráðstafi 150.000 þ.kr. til að fjármagna úrbætur sem lúta að auknu innra og ytra eftirliti og aðgerðir til að styrkja starfsemi og starfsumhverfi og auka forvarnir í leikskólum Reykjavíkur. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af því svigrúmi sem myndast við fjármögnun á stuðningi.

Meðfylgjandi þessari tillögu er tillaga borgarstjóra, dags. 13. nóvember 2025 um aðgerðir til að auka öryggi og faglegt starf á leikskólum Reykjavíkur, bréf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs til borgarráðs vegna tillagna um aðgerðir til að auka öryggi og faglegt starf á leikskólum Reykjavíkur, dags. 10. nóvember 2025 og skýrsla skóla- og frístundasviðs um tillögur um aðgerðir til að auka öryggi og faglegt starf á leikskólum Reykjavíkur þar sem gerð er ítarlegri grein fyrir málinu. Sviðsstjóri kynni skóla- og frístundaráði innleiðingaáætlun og framvindu hennar fyrir árslok 2026.



Reykjavík



Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 13. nóvember 2025

MSS25080054

HSG

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 13.11.2025 varðandi eftirfarandi mál:

SBB - Tillögur um aðgerðir til að auka öryggi og faglegt starf í leikskólum Reykjavíkur - til afgreiðslu

Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 13. nóvember 2025, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að borgarráð samþykki að vísa til skóla- og frístundaráðs meðfylgjandi tillögum í minnisblaði skóla- og frístundasviðs um úrbætur sem lúta að auknu innra og ytra eftirliti í leikskólum Reykjavíkur, aðgerðum til að styrkja starfsemi og starfsumhverfi og auka forvarnir. Kostnaðarmetnar tillögur fari jafnframt til nánari greiningar fjármála- og áhættustýringarsviðs.

Greinargerð fylgir tillögunni.

-Kl. 9:48 vikur borgarstjóri af fundinum.

Samþykkt.

Steinn Jóhannsson, Ólafur Brynjar Bjarkason og Ragnheiður E. Stefánsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Sósíalistaflokks Íslands ásamt áheyrnarfulltrúum Flokks fólksins og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Samstarfsflokkarnir þakka fyrir góðar tillögur um aðgerðir til að auka öryggi og velferð barna í leikskólum Reykjavíkur. Um er að ræða víðtækar umbótatillögur sem miða að því að auka stuðning og eftirlit með leikskólum og bæta innra mat leikskólanna. Lagt er til að farið verði í auknar forvarnir gegn ofbeldi gagnvart börnum og umbætur á atvikaskráningum. Aðgerðirnar verði gaumgæfðar og kostnaðargreindar með það að markmiði að auka gæði, bæta starfsumhverfi og gera ferla skilvirkari. Mest um vert er að styðja við faglega forystu í þeim tilgangi að auka öryggi innan leikskólasamfélagsins.

Dís Sigurgeirsdóttir



Reykjavík



e.u.

Afrit: Fjármála- og áhættustýringarsvið



Reykjavík



Borgarráð

Reykjavík, 13. nóvember 2025

MSS25080054

Tillögur um aðgerðir til að auka öryggi og faglegt starf á leikskólum Reykjavíkur

Lagt er til að borgarráð samþykki að vísa til skóla- og frístundaráðs meðfylgjandi tillögum í minnisblaði skóla- og frístundasviðs um úrbætur sem lúta að auknu innra og ytra eftirliti í leikskólum Reykjavíkur, aðgerðum til að styrkja starfsemi og starfsumhverfi og auka forvarnir. Kostnaðarmetnar tillögur fari jafnframt til nánari greiningar fjármála- og áhættustýringarsviðs.

Greinargerð:

Borgarráð samþykkti þann 21. ágúst 2025 að fela skóla- og frístundasviði að leggja fram tillögur um úrbætur sem lúta að auknu innra og ytra eftirliti í leikskólum Reykjavíkur. Tillögurnar byggja á faglegum viðmiðum og lögbundnum skyldum sveitarfélagsins. Árangur af innleiðingu tillagnanna mun skila sér í auknum gæðum, betra starfsumhverfi og skilvirkari ferlum sem styðja við faglega forystu, aukinn stuðning og öryggi innan leikskólaskólasamfélagsins.

Heiða Björg Hilmissdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Bréf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs til borgarráðs vegna tillagna um aðgerðir til að auka öryggi og faglegt starf á leikskólum Reykjavíkur, dags. 10. nóvember 2025.

Skýrsla skóla- og frístundasviðs um tillögur um aðgerðir til að auka öryggi og faglegt starf á leikskólum Reykjavíkur.



Reykjavík



Reykjavík, 10. nóvember 2025
MSS25080054

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Efni: Tillögur um aðgerðir til að auka öryggi og faglegt starf á leikskólum Reykjavíkur

Þann 21. ágúst 2025 samþykkti borgarráð að fela skóla- og frístundasviði að leggja fram tillögur um úrbætur sem lúta að auknu innra og ytra eftirliti í leikskólum Reykjavíkur, aðgerðum til að styrkja starfsemi og starfsumhverfi og auka forvarnir. Í samþykkt borgarráðs kom fram að úrbætur verði yfirfærðar eftir því sem við á, á annað skóla- og frístundastarf. Jafnframt var samþykkt að tillögurnar með kostnaðarmati, skyldu liggja fyrir eigi síðar en 31. október 2025.

Meðfylgjandi þessu bréfi er skýrsla skóla- og frístundasviðs með tillögum sem miða að því að efla faglegt leikskólastarf í Reykjavíkurborg og tryggja öryggi, gæði og stöðugleika í þjónustu við börn og fjölskyldur. Tillögurnar byggja á faglegum viðmiðum og lögbundnum skyldum sveitarfélagsins. Árangur af innleiðingu tillagnanna mun skila sér í auknum gæðum, betra starfsumhverfi og skilvirkari ferlum sem styðja við faglega forystu, aukinn stuðning og öryggi innan leikskólaskólasamfélagsins.

Tillögur skýrslunnar skiptast í eftirfarandi sex flokka:

1. Viðbrögð við atviki í leikskólanum Múlaborg
2. Innra mat og umbótaáætlanir leikskóla
3. Aukinn stuðningur og eftirlit
4. Ytra mat leikskóla
5. Starfsumhverfi
6. Forvarnir

Undir hverjum flokki eru undirtillögur og gerð er grein fyrir þeim í meðfylgjandi skýrslu. Þó nokkur hluti tillagnanna og þá sérstaklega hvað varðar starfsumhverfi og forvarnir á við allt skóla- og frístundastarf.

Hluti tillagnanna rúmast innan ramma skóla- og frístundasviðs.

Óskað er eftir árlegu viðbótarfjármagni vegna eftirfarandi tillagna en framkvæmd þeirra byggir á það fáið.



Reykjavík



Tillaga númer	Skýring	Fjöldi	Kostnaður	Samtals
3.1 og 3.2	Leikskólaráðgjafi	4	18.000.000	72.000.000
	Tölvur og starfsmannatengdur kostnaður	4	1.500.000	6.000.000
			Samtals	78.000.000
5.6	Leiðtogi vinnuverndar á SFS	1	16.000.000	16.000.000
	Tölvur og starfsmannatengdur kostnaður	1	1.500.000	1.500.000
			Samtals	17.500.000
5.1 og 5.5 og 5.7	Mannauðsráðgjafi	2	16.000.000	32.000.000
	Tölvur og starfsmannatengdur kostnaður	2	1.500.000	3.000.000
			Samtals	35.000.000
			Samtals heild	130.500.000,00

Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi skýrslu.

Virðingarfyllst

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Skýrsla



Reykjavík



Skýrsla um tillögur til að auka öryggi og faglegt starf í leikskólum Reykjavíkur.



Reykjavík



2025

Tillögur til borgarráðs

Inngangur	3
Tillögur um aðgerðir til að auka öryggi og faglegt starf á leikskólum Reykjavíkur.....	4
1. Viðbrögð við máli í leikskólanum Múlaborg.....	4
2. Innra mat og umbótaáætlanir leikskóla	6
3. Aukinn stuðningur og eftirlit	7
4. Ytra mat leikskóla	10
5. Starfsumhverfi	11
6. Forvarnir	14
7. Viðbótarfjármagn vegna tillagna borgarráðs	17



Reykjavík



Inngangur

Þann 21. ágúst 2025 samþykkti borgarráð að fela skóla- og frístundasviði að leggja fram tillögur um úrbætur sem lúta að auknu innra og ytra eftirliti í leikskólum Reykjavíkur, auknum stuðningi við framkvæmd innra mats, aðgerðum til að styrkja starfsemi og starfsumhverfi og auka forvarnir. Í samþykkt borgarráðs kom fram að úrbætur verði yfirfærðar eftir því sem við á, á annað skóla- og frístundastarf. Jafnframt var samþykkt að tillögurnar með kostnaðarmati, skyldu liggja fyrir eigi síðar en 31. október 2025.

Tilgangur þessarar skýrslu er að kynna tillögur sem miða að því að efla faglegt leikskólastarf í Reykjavíkurborg og tryggja öryggi, gæði og stöðugleika í þjónustu við börn og fjölskyldur. Tillögurnar byggja á faglegum viðmiðum og lögbundnum skyldum sveitarfélagsins.

Með þessum breytingum er stefnt að því að skapa skýrari ramma um verklag og ábyrgð, efla traust og gagnsæi. Stuðla að menningu þar sem öryggi barna, starfsfólks eru í forgrunni og byggir á fagmennsku. Árangur af innleiðingu tillagnanna mun skila sér í auknum gæðum, betra starfsumhverfi og skilvirkari ferlum sem styðja við faglega forystu, aukinn stuðning og öryggi innan leikskólaskólasamfélagsins.





Tillögur um aðgerðir til að auka öryggi og faglegt starf á leikskólum Reykjavíkur

1. Viðbrögð við máli í leikskólanum Múlaborg

Í tengslum við lögbundna könnun skóla- og frístundasviðs á atburði sem upp kom í leikskólanum Múlaborg verði unnin áætlun um úrbætur hjá leikskólanum og öðrum starfsstöðum ef við á.

Sviðsstjóri setti af stað könnun á grundvelli eftirlitsskyldna skóla- og frístundasviðs 25. ágúst sl. á máli sem kom upp í leikskólanum Múlaborg sem snéri að öflun upplýsinga, athugun á verklagi, verkferlum, innra og ytra mati og fleira. Könnuninni er lokið. Leikskólastjóri fékk kynningu á lokaskýrslu og vinnur að umbótaáætlun. Skilafrestur til fagskrifstofu leikskólamála, skrifstofu skóla- og frístundasviðs er 20. nóvember n.k.

Tillögur til umbóta sem komu fram í könnun í Múlaborg eiga við í öðrum starfsstöðvum leikskóla. Gerð verður grein fyrir þeim í þessari skýrslu undir liðum 2 til 6.

Farið verði yfir alla upplýsingagjöf til starfsfólks, foreldra og annarra eftir því sem við á í samstarfi við samskiptastjóra og mat lagt á hvort þörf sé á breytingu verkferla.

Í máli því sem hér um ræðir var skóla- og frístundasvið upplýst um að alvarlegt mál hefði komið upp í Múlaborg. Skóla- og frístundasvið var í samtali við lögreglu sem bað um að beðið yrði með að senda út tilkynningu til foreldra vegna rannsóknarhagsmuna. Til stóð að senda foreldrum bréf í hádeginu á föstudegi.

Málið rataði í fjölmiðla föstudaginn 15. ágúst og strax í kjölfarið var sendur tölvupóstur á alla foreldra þar sem fram kom að alvarlegt mál hefði komið upp sem snéri að framkomu starfsmanns gagnvart barni. Mál starfsmanns væri til rannsóknar hjá lögreglu og starfsmaðurinn ekki við störf á meðan á henni stæði. Leikskólinn og skrifstofa skóla- og frístundasviðs vann náð með lögreglu og barnaverndaryfirvöldum með áherslu á öryggi og velferð barnanna. Fyrst var gert ráð fyrir að foreldrafundur yrði eftir helgina í viku þeirri sem málið kom upp en hann var færður fram á sunnudag þar sem foreldrar óskuðu eftir upplýsingum um málið sem fyrst. Haldin var fundur fyrir foreldra barna á Múlaborg og annar fundur fyrir þá forelda sem höfðu verið með barn í vistun á leikskólanum á tilteknu tímabili. Á fundinum voru fulltrúar lögreglu, barnaverndaryfirvalda, Norðurmiðstöðvar og skóla- og frístundasviðs.

Daginn eftir að umfjöllun um málið birtist í fjölmiðlum og upplýsingar voru sendar á foreldra var foreldrum boðið að hafa samband við sálfræðing í Norðurmiðstöð í símatíma. Málið fékk algjöran forgang í Norðurmiðstöð í kjölfarið. Gagnleg ráð og leiðbeiningar voru send til foreldra um ráðgjöf frá Barnavernd Reykjavíkur, frá sérfræðingum á skrifstofu skóla- og frístundasviðs og bent á heimasíðu Barna- og fjölskyldustofu/BOFS. Upplýsingar og samantekt á foreldrafundinum voru sendar til foreldra eftir fundinn.

Foreldrar voru upplýstir um að málið væri alfarið í rannsókn lögreglu og í framhaldinu færi málið til héraðssaksóknara. Málið væri til umfjöllunar í fjölmiðlum og það gæti reynt á fjölskyldur í Múlaborg.

Foreldrar voru hvattir til að nýta sér þær bjargir sem stæðu til boða og fengu neðangreindar tengiliðaupplýsingar:



Lögregla: Áhyggjur eða ábendingar sem koma upp varðandi málið er best að leita með til lögreglu og netfangið vegna þess er abending@lrh.is

Barnavernd: Áhyggjur af velferð og líðan barnanna fáði þið aðstoð með hjá Barnavernd eða Barnahúsi og þá er best að hafa samband í Barnavernd í síma 411-9200 og Barnahús í síma 530-2500.

Norðurmiðstöð: Ef þið hafi áhyggjur af eigin líðan eða líðan annarra fjölskyldumeðlima bendum við ykkur á þá aðstoð sem hægt er að fá í Norðurmiðstöð. Sími 411-1111 og netfang vegna þess er nordurmidstod@reykjavik.is.

Heilsugæslan: Sálfræðingar starfa á heilsugæslustöðvum og á heimasíðunni er að finna hvernig fyrirkomulagið er á hverri stöð.

Hjálparsími Rauða krossins er 1717 og netspjall á síðunni 1717.is

Boðið var upp á foreldrafundi á hverri deild leikskólans í formi samtals við fagfólk frá leikskólaskrifstofu og sálfræðing frá Norðurmiðstöð. Í framhaldi var boðið upp á forvarnarfræðslu fyrir foreldra. Aldursmiðaða kynfræðslu um líkamann, mörk, snertingu og samskipti. Fræðslan var á íslensku og túlkað var eftir þörfum.

Allir tölvupóstar voru sendir á íslensku og ensku. Einn upplýsingapóstur var sendur á sjö tungumálum þar sem farið var yfir almennar upplýsingar um málið.

Stuðningur við starfsfólk, foreldra og börn var í forgangi og áætlun gerð um hvernig að því yrði staðið.

Stuðnings- og viðbragðsáætlun fyrir starfsfólk Múlaborgar var sett fram í fjórum þáttum;

- stuðningur við stjórnendur/stjórnendateymi
- stuðningur við einstaklinga
- stuðningur við karlkyns starfsmenn
- stuðningur við starfsmannahópinn í heild sinni

Fyrstu viðbrögð voru að tryggja öryggi og ró innan hópsins. Veita fyrstu hjálp og styðja við faglega forystu. Mannauðsráðgjafi var til stuðnings í leikskólanum. Stuðningur og handleiðsla var sett inn við stjórnendur þar sem hlutverkið var speglun og viðvera. Fagstjóri var til stuðnings við stjórnendur auk þess sem ráðinn var inn leikskólaráðgjafi stjórnendum til stuðnings næstu vikunnar. Starfsfólk var upplýst um atvik skv. leiðbeiningum frá lögreglu. Mannauðsráðgjafi og fagstjóri Norðurmiðstöðvar funduðu með starfsfólki. Mannauðsráðgjafi bauð upp á einstaklingsviðtöl eftir fundina. Fagstjórar í öðrum miðstöðvum borgarinnar voru á staðnum til að létta undir og svara foreldrum ef þurfti.

Mannauðsráðgjafi var til staðar í leikskólanum og bauð upp á viðtöl fyrir starfsfólk, eftir þörfum. Haft var samband við stuðnings- og ráðgjafateymi (SORT) borgarinnar og óskað eftir aðstoð með sálfræðiþjónustu. Tveir sálfræðingar voru til staðar í leikskólanum og buðu upp á einstaklingsviðtöl fyrir þá sem vildu ræða tilfinningar eða áhyggjur.

Létt var á verkefnum stjórnenda eins og kostur var. Ákveðnum verkefnum stjórnendum var komið á mannauðsráðgjafa eins og kostur var, s.s. Vinnustund, ganga frá breytingablöðum á ráðningasamningum, hafa samband við Afleysingastofu vegna mönnunar og mat á þörf fyrir aðlögun í starfi hjá starfsfólki.

Haldinn var starfsmannafundur til að upplýsa um hvað fór fram á foreldrafundum, útskýra næstu skref, svara spurningum og styðja við líðan hópsins. Rætt var við deildarstjóra um



líðan og andrúmsloft á þeirra deildum og umræða var um stuðningsúrræði. Eftir atvikum var rætt við annað starfsfólk.

Fundað var með karlkyns starfsmönnum. Rætt var við karlkyns starfsmenn á öðrum leikskólum sem mögulega gætu verið til aðstoðar.

Áhersla var á að halda áfram að styðja við samstöðu innan hópsins og unnið að því að endurheimta öryggi í samskiptum við foreldra og börn. Festa skipulag eins og kostur var, t.d. næsta starfsmannafund, skipulagsdag, o.s.frv. Á skipulagsdegi var fyrst og fremst samvera, tækifæri til umræðna og stuðningur. Á starfsmannafundi var fræðsla um áföll og bjargráð.

Starfsfólk horfði saman í fræðslu frá BOFS. Fræðsla um var um öryggisleysi, traust, temprun tilfinninga, öndun og fl. Haldnir voru reglulegir stuðningsfundir eins og hægt var að koma við, fylgst með líðan og ástandi starfsfólks. Deildarstjórar voru tengiliðir.

Sérstaklega var hugað að hópi karlstarfsmanna í starfsmannahópnum. Boðið var upp á hópráðgjöf auk sálfræðiviðtala. Eftirfylgni var með einstökum starfsmönnum sem höfðu sérstakar þarfar eða erfiða líðan og þeim vísað áfram til frekari meðferðar ef þörf var á.

Áhersla var einnig á opna umræðu og stuðningsnet innan hópsins (t.d. hópráðgjöf eða handleiðslu).

Í framhaldi er verkefnið að viðhalda vellíðan, samheldni og virðingu. Áframhaldandi fræðsla til starfsfólks og stuðningur við stjórnendur.

Á áætlun er að skipuleggja fræðslu og vinnustofur um áfallastreitu, sjálfsmönnum og faglega nálgun. Fræðsla verður áfram fyrir starfsfólk um kynfræðslu fyrir leikskólabörn.

Meta þarf hvort þörf sé á liðsheildarvinna til að byggja upp traust og samheldni.

Áframhaldandi hóphandleiðsla fyrir deildir og karlkyns starfsmenn sérstaklega.

Eftirfarandi tillögur falla innan fjárhagsramma SFS

Tillögur til umbóta

- 1.1 *Ef alvarlegt mál kemur upp þarf að halda foreldrafund sem fyrst, samdægurs eða daginn eftir.*
- 1.2 *Mikilvægt er að koma á samstarfi við lögreglu um að skóla- og frístundasvið sé upplýst áður en mál koma í fréttum.*
- 1.3 *Heildrænt ferli þarf að vera til þegar alvarleg og viðkvæm mál koma upp og varða allt starfsumhverfið, starfsfólk, börn og forsjáraðila. Ferlið sem unnið var eftir í Múlaborg ætti að vera fyrirmynd við vinnslu á heildrænum ferli.*

2. Innra mat og umbótaáætlanir leikskóla

Efla stuðning við innra mat leikskóla, fræðslu og stuðning við framkvæmd og eftirfylgd umbótaáætlana.

Á grundvelli laga um leikskóla ber leikskólum að sinna innra mati. Leikskólar vinna eftir skólanámskrá þar sem fram kemur matsáætlun til 5 ára. Árlega skila leikskólar starfsáætlun til rekstraraðila þar sem gerð er grein fyrir innra mati út frá umbótum fyrra árs og áætlun um mat á komandi starfsári. Með vísun í lög um leikskóla 2008

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.html>

18. gr. Innra mat.

Hver leikskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á



Reykjavík



grundvelli 17. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á.

Leikskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Þróunarverkefni B – hluta Menntastefnu Reykjavíkur

Skrifstofa skóla- og frístundasviðs haldi utan um markvissan stuðning við innra mat, með það að markmiði að auka gæði starfsins enn frekar. Fagstjórar í hverju hverfi styðja við innra mat leikskóla.

Lagt er til að horft verði til þróunarverkefnis um innra mat í grunnskólum í Reykjavík sem hófst haustið 2022. Þar voru farnar fjölbreyttar leiðir við að efla innra mat og gæði s.s. með fræðslu, vinnufundum, stýrihópum í hverfi, innra matsteymi í hverjum skóla og vefsíðu með stuðningsefni fyrir innra mat. Til að efla enn frekar þekkingu og mikilvægi á innra mati verði leitað til utan að komandi sérfræðinga sem starfa á vettvangi háskóla eða ráðuneytis um innra mat.

B- hluta styrkur Menntastefnu Reykjavíkur er veittur vegna stærri samstarfsverkefna þar sem gerð verði krafa um þverfaglegt samstarf á milli starfseininga s.s. eins og á milli skólastiga, frístundamiðstöðva, skólahljómsveita eða annarra skóla eða starfsstaða innan sem utan hverfis. Þróunarsjóður - menntastefna.is.

Leggja aukna áherslu á aðkomu foreldra að umbótastarfi með skipulögðu samráði og upplýsingagjöf, þannig að traust byggist á gagnsæi og sameiginlegri ábyrgð.

Lagt er til að efla samráð við foreldraráð í tengslum við starfsáætlun hverju sinni meðal annars á fundi með foreldraráði leikskólans þar sem foreldrar og stjórnendur taka samtal um innra mat og gæði starfsins út frá starfsáætlun og séu þátttakendur í innra mati.

Eftirfarandi tillögur falla innan fjárhagsramma SFS.

Tillögur til umbóta

- 2.1 *Skrifstofa- skóla og frístundasviðs styður við innleiðingu á markvissu innra mati og gæðum með fræðslu og stuðning.*
- 2.2 *Sótt verði um styrk í B-hluta þróunarsjóði Menntastefnu Reykjavíkur til innleiðingar á markvissu innra mati í einum borgarhluta í samstarfi við fagskrifstofu leikskólamála og háskóla með það að markmiði að auka gæði starfsins enn frekar. Í framhaldi verði farið í innleiðingu í öðrum borgarhlutum.*
- 2.3 *Allir foreldrar í leikskólum séu upplýstir um innra mat og umbótaáætlun á heimsíðu leikskóla og með tölvupósti.*

3. Aukinn stuðningur og eftirlit

Verklag vegna stuðnings og eftirlits verði yfirfarið með áherslu á framgang umbótaáætlana, gæði skólastarfs, faglegt starf, öryggi og líðan barna, starfsumhverfi starfsfólks og barna og gæði samskipta og faglegt verklag. Eftirlit fari fram í áður boðuðum heimsóknum sem og óboðuðum heimsóknum.



Samkvæmt reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum (nr. 893/2009) er Reykjavíkurborg skylt að fylgjast með leikskólastarfi allra leikskóla sem reknir eru í borginni.

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.html>

Verklag um stuðning og árlegt eftirlit í leikskólum

Fagstjórar eru næstu yfirmenn leikskólastjóra, einn fagstjóri starfar í hverjum borgarhluta. Fastir fundir eru haldnir með öllum leikskólastjórum fjórum sinnum á ári. Mánaðarlega eru haldnir fundir með leikskólastjórum í hverju hverfi sem fagstjóri stýrir. Leikskólastjórar skila starfsáætlun árlega til fagstjóra sem er metin og fer til samþykktar í skóla- og frístundaráði. Fagstjórar veita leikskólastjórum stuðning og ráðgjöf hvað varðar faglega þætti sem og aðra hluti sem koma upp í leikskólastarfi. Stuðningur og fræðsla er einnig veitt frá mannauðspjónustu, fjármálapijónustu, lögfræðipiðjónustu og innritun þar sem hægt er að fá upplýsingar og aðstoð við að leysa mál. Ýmsum upplýsingum um starfsstaði er safnað í formi kannana og samantekt á upplýsingum sem nýtist stjórnendum í umbótavinnu. Samtöl og ráðgjöf er veitt í þessu samhengi.

Til að mæta auknum áskorunum í leikskólum borgarinnar varð Leikskólaverkefnið til, sem er verkefni sem mannauðsdeild skóla- og frístundasviðs hefur haft umsjón með síðustu tvö ár. Verkefnið felst í að styðja við leikskóla sem glíma við ákveðnar áskoranir (s.s. skora lægra í Stofnun ársins, hafa háa veikindaprósentu o.s.frv.). Stuðningur felst í vinnustofum, námskeiðum og ráðgjöf til stjórnenda og deildarstjóra.

Til að efla enn frekar eftirlit, mat og gæði allra leikskóla í borginni og vinna að því að staðan sé betri heilt yfir þá eru tækifæri til að gera betur. Má þar meðal annars horfa til þess verklags sem unnið er í eftirliti með sjálfstætt starfandi leikskólum í Reykjavík.

Reykjavíkurborg sinnir árlegu eftirliti í sjálfstætt starfandi leikskólum. Verklagið er þannig að leikskólinn fær senda könnun í tölvupósti og um leið er óskað eftir gögnum frá leikskólastjóra um þætti í leikskólastarfinu; öryggismál, foreldrasamvinnu, uppeldis- og menntastarfið og aðra tilfallandi þætti sem ákveðið er að afla gagna um. Leikskólastjóri sendir gögn sem óskað er eftir og í framhaldinu er rafrænn fundur með leikskólastjóra og verkefnisstjórum á skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Auk þess er leikskólinn heimsóttur af fagstjóra og verkefnastjóra á fagskrifstofu leikskólamála þar sem gengið er um leikskólann með leikskólastjóra til að fá innsýn í starfið, aðbúnað og efnivið. Þegar eftirliti og úrvinnslu er lokið fá allir leikskólar sendan tölvupóst með staðfestingu og niðurstöðum eftirlitsins.

Ef fram koma athugasemdir er málum vísað til fagskrifstofu leikskólamála og/eða fagskrifstofu fjármála skóla- og frístundasviðs sem vinnur áfram með leikskólanum að úrlausn mála.

Verklag á eftirliti með sjálfstætt starfandi leikskólum er góð fyrirmynd fyrir sambærilegt eftirlit með borgarreknum leikskólum. Markmið með heimsókninni er að skapa vettvang fyrir fagstjóra/leikskólaráðgjafa og leikskólastjóra fyrir samtal þar sem lagt er upp með hvatningu og stuðning við stjórnendur. Óskað verði eftir gögnum um starfsáætlun, innra mat/umbótaáætlun og skil á verkferlum sem tengjast öryggismálum. Eftirfylgni sé með námskrá og innleiðingu á Menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Áskoranir í starfsumhverfi leikskóla

Leikskólaumhverfið er flókið og fjölmargar áskoranir hafa haft áhrif á starfsumhverfið síðustu árin. Stjórnendur hafa tekist á við miklar og flóknar áskoranir í leikskólaumhverfinu síðustu ár og má nefna marga þætti sem hafa áhrif; s.s.



Reykjavík



húsnæðisvanda, stækkun á húsnæði, endurgerð húsnæðis, mygluvandamálum og mönnunarvanda. Leikskólakennurum fækkaði í leikskólum eftir að eitt leyfisbréf kennara tók gildi fyrir öll skólastig. Í leikskólum hefur 36 stunda vinnuvika starfsfólks verið mikil áskorun á meðan börn eru í allt að 42,5 stunda dvalarstundum á viku. Benda má á að í leikskólum starfa ekki umsjónarmenn eða ritarar, líkt og í grunnskólum og það hefur mikil áhrif á álag og mikið umfang starfa stjórnenda í leikskólum. Í leikskólum þarf leikskólastjóri að inna þessi verk af hendi til viðbótar við hin hefðbundnu störf stjórnenda.

Nýliðnir atburðir í leikskólaumhverfinu hafa sýnt enn betur fram á hversu faliðuð fagskrifstofa leikskólamála er til að sinna stuðningi við stjórnendur og starfsfólk leikskólanna. Sannarlega eru á miðstöðvum starfsmenn skólaþjónustu en þau sinna málum er snúa beint að börnum á fyrsta stigi þjónustu samkvæmt farsældarlögum. Innan miðstöðva er það fagstjóri sem sinnir leikskólunum og þar er ekki annar aðili sem getur gripið verkefni hans, komi upp mál sem þarfnast t.d. mikillar viðveru í stökum leikskóla eða öðrum áriðandi verkefnum.

Þar má nefna alvarleg tilvik í leikskólastarfi sem hafa þurft að hafa forgang vegna alvarleika máls. Úrvinnslutími slíkra mála er töluverður og tekur mismunandi mikið á og er mannaflafrekur hverju sinni. Fagstjórar fara saman í svona mál og skipta með sér verkum eftir þörfum. Fagstjóri viðkomandi hverfis stýrir verklagi. Einnig má nefna húsnæðismál þar sem stuðningur fagstjóra hefur reynst nauðsynlegur, vegna nýbygginga, viðbygginga, neyðarúrræða og mótvægisáðgerða gegn innvistarvanda. Í öllum erfiðum málum tengdum leikskólum styður fagstjóri við leikskólastjóra í samskiptum við foreldra sem og í erfiðum starfsmannamálum sem upp koma. Þá er unnið í samstarfi við mannauðsþjónustu, á miðstöð eða á skrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Einn fagstjóri er starfandi í hverjum borgarhluta og umfangið mikið í þeirra störfum og í ljósi þeirra áskorana sem leikskólaumhverfið tekst á við. Vegna þessa aðstæðna er ekki svigrúm fyrir fagstjóra til að sinna árlegum heimsóknum og markvissum stuðning við alla leikskólastjóra. Illmögulegt að bæta við fleiri verkefnum í ljósi tillagna til borgarráðs án þess að til komi aðstoð.

Framkvæmd við eftirfarandi tillögur þarfnast viðbótarfjármagns.

Tillögur til umbóta

- 3.1 *Brýnt er að efla stuðning og eftirlit með gæðum leikskólastarfs og búa til verklag þar sem fagstjórar/leikskólaráðgjafar koma að formlegu eftirliti með árlegum heimsóknum í hverjum leikskóla.*
 - 3.1.1 *Verklag um eftirlit og stuðning með borgarreknum leikskólum gert og innleitt í öll hverfi. Hver leikskóli fái formlega heimsókn fagstjóra/leikskólaráðgjafa árlega og oftár ef þess þarf.*
 - 3.1.2 *Þróa áfram stuðnings- og ráðgjafaverkefni mannauðsþjónustu SFS og fagskrifstofu leikskóla og innleiða eftirfylgd sem yrði á hendi fagstjóra/leikskólaráðgjafa. Fagstjóri/leikskólaráðgjafi hefði það hlutverk að styðja við stjórnendur í faglegum vinnubrögðum s.s. í ráðningarferlinu, móttöku nýliða, upplýsingagjöf og öðrum umbótaverkefnum sem liggja fyrir.*
- 3.2 *Til þess að hægt sé að bregðast við ofangreindum verkefnum um árlegt eftirlit og stuðning við borgarrekna leikskóla þarf að ráða fjóra leikskólaráðgjafa í fullt starf, einn á hverja miðstöð. Áætlaður launakostnaður með launatengdum gjöldum og*



rekstrarkostnaði er 78.000.000 á ári. Þetta er afar mikilvæg ráðstöfun til þess að ná fram þessum breytingum.

Helstu verkefni leikskólaráðgjafa yrðu:

- Staðgengill fagstjóra, byggt á starfslýsingu fagstjóra.
- Styðja við leikskóla með almennri leikskólaráðgjöf og eftirliti.
- Vinna með fagstjóra að eflingu starfsumhverfis starfsfólks bæði á miðstöð og á vettvangi.
- Vinna með fagstjóra að stuðningi við leikskóla varðandi innra mat, fræðslu og stuðning við framkvæmd og eftirfylgd umbótaáætlaða.
- Styðja við framgang faglegs starfs leikskólanna með fagstjóra
- Önnur þau verkefni sem fagstjóri felur honum og falla innan eðlilegs starfssviðs hans.

4. Ytra mat leikskóla

Gera tillögur um fyrirkomulag ytra mats á leikskólum í Reykjavík í samráði við Mennta- og barnamálaráðuneyti.

Lög um leikskóla kveða á um ytra mat í leikskólum.

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.html>

19. gr. Ytra mat sveitarfélaga.

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. [Ráðherra er heimilt að fela [Miðstöð menntunar og skólaþjónustu] 1) að taka við upplýsingum samkvæmt grein þessari.] 2) Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.

20. gr. Ytra mat [ráðuneytisins].1)

[Ráðuneytið annast greiningu og miðlun upplýsinga um starf leikskóla á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 19. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun. 2)] 3)

[Ráðuneytið] 1) gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara, aðalnámskrár leikskóla og aðra þætti skólastarfs.

Ráðherra setur reglugerð 4) um innra og ytra mat og upplýsingaskyldu sveitarfélaga að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Aðgerðaráætlun mennta- og barnamálaráðuneytis

Í aðgerðaráætlun Mennta- og barnamálaráðuneytis með Menntastefnu ríkisins til 2027 er áætlun um að endurskoða mat og eftirlit með skólastarfi. Til að innra og ytra mat leik-, grunn- og framhaldsskóla styðji við hvort annað og nýtist mennta- og barnamálaráðuneytinu, sveitarfélögum og skólum á skilvirkan hátt til að meta gæði skólastarfs og gera viðeigandi umbætur þarf að:



Reykjavík



1. Endurskoða gæðaviðmið innra og ytra mats fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla.
2. Vinna markvisst að innleiðingu og kynningu á endurskoðuðum gæðaviðmiðum í leik-, grunn- og framhaldsskólum.
3. Endurskoða framkvæmd og eftirfylgni ytra mats og eftirlits í leik-, grunn- og framhaldsskólum.
4. Skýra hlutverkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga varðandi ytra mat í leik- og grunnskólum og frístundastarfi, meta hvort endurskoða þurfi ákvæði um mat og eftirlit í lögum um leik- og grunnskóla í samstarfi við sveitarfélög og gera framtíðaráætlanir um reglubundið ytra mat.

Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneytið og Miðstöð menntunar og skólapijónustu í samstarfi við hagsmunaaðila.

<https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/MRN/Menntastefna-2030-Onnur-adgerdaaetlun-2025-2027.pdf>

Kannanir/ytra mat sem eru gerðar reglulega

Í Reykjavíkurborg er foreldrakönnun gerð annað hvert ár og starfsmannakönnun (Stofnun ársins) árlega. Niðurstöður eru nýttar í innra mati til auka gæði í leikskólans og um leið að upplýsa hagaðila um niðurstöður.

Mikilvægt er að byggja upp gott samstarf við matsaðila sem koma að ytra mati í leikskólum.

Fagumhverfiskönnun leik, grunn og frístundastarfs

Fagumhverfiskönnun er í undirbúningi á vegum skóla- og frístundasviðs og er stefnt að því að hún verði send á allt starfsfólk í leikskólum í febrúar 2026. Könnunin verður einnig send á starfsfólk grunnskóla og frístundastarfs. Í könnuninni er spurt ítarlega um þætti innan leikskólans, þ.e. fagþekkingu, þörf fyrir starfsþróun, þekkingu starfsfólks á lausnarteymum og verkferlum tengdum farsæld barna. Stefnt er að því að fagumhverfiskönnun verði gerð á 2-3 ára fresti. Ekki er búið að fjármagna fagumhverfiskönnunina en nú er leitað að tilboðum.

Tillögur til umbóta

- 4.1 *Lagt er til að reglubundið ytra mat í leikskólum Reykjavíkurborgar verði framkvæmt af ytri aðila s.s. ráðuneyti eða öðrum fyrirtækjum sem bjóða fram slíka þjónustu.*
- 4.2 *Stjórnendur fái stuðning við að nýta niðurstöður úr könnunum innra og ytra mats og gera umbætur.*

5. Starfsumhverfi

Unnin verði áætlun um samráð við foreldra og fræðasamfélagið sem liggi fyrir þegar tillögur spretthóps um bætt starfsumhverfi í leikskólum verða kynntar.

Í kjölfar þess að fyrstu tillögur spretthóps um bætt starfsumhverfi lágu fyrir fóru fram kynningar í borgarráði og í skóla- og frístundaráði auk þess sem kynningafundir voru haldnir með hagaðilum og samráðsgátt var opnuð.



Kynningafundur var með leikskólastjórum og þeir kynntu svo tillögurnar fyrir starfsfólki í sínum leikskóla. Kynningar voru fyrir foreldraráð leikskóla í hverju hverfi, fundir voru sex talsins. Kynning var einnig á tillögunum fyrir stjórnendur í sjálfstætt starfandi leikskólum. Við gerð tillagnanna átti starfshópur SFS samtal við aðila innan fræða samfélagsins í Háskóla Íslands til þess að fá fram sjónarmið þeirra við mótun tillagnanna. Með vísun í tillögur spretthóps

[Leikskólaleiðin í Reykjavíkurborg - Umbætur í náms- og starfsumhverfi leikskóla - áfangaskýrsla stýrihóps. MSS25050076 - rett.pdf](#)

Bréf um tillögurnar voru sendar til leikskólastjóra, fulltrúa í foreldraráðum, fulltrúa í foreldrafélögum, foreldra leikskólabarna, stéttarfélag starfsfólks í leikskólum, annarra stéttarfélag og hagaðila s.s. Mennta- og barnamálaráðuneytis og félagasamtaka. Í bréfinu kom fram að tillögurnar færu inn í samráðsgátt og hagaðilar hvattir til að senda inn umsögn. Samráðsgátt er opin í 2 vikur og í kjölfarið er unnið úr umsögnum.

Í framhaldi verður undirbúningur fyrir þær tillögur sem koma til framkvæmda, reglubreytingar og samþykktir í borgarráði og skóla- og frístundaráði. Kynningar fyrir leikskólastjóra, starfsfólk leikskóla og foreldra fara fram. Leikskólastjórar funda með foreldrum og kynna þær leiðir sem varða farnar.

Yfirfara fræðslu og símenntunarmöguleika starfsfólks tengt forvörnum gegn ofbeldi og viðbrögðum ef grunur kemur upp um slíkt í samstarfi við mannauðs- og starfsumhverfissvið og yfirfara aðgang starfsfólks að handleiðslu og ráðgjöf.

Tillögur til umbóta í þessum kafla, starfsumhverfi, **snúa að öllu skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar. Tillögur 5.1, 5.5, 5.6, 5.7 þarfnast viðbótarfjármagns** eins og kemur fram í tillögu 5.8. Aðrar tillögur falla innan fjárhagsramma SFS.

Tillögur til umbóta í öllu skóla- og frístundastarfi

5.1 *Endurskoða þarf verkferil um **Viðbrögð við meintri óviðeigandi framkomu starfsmanns** gagnvart barni í leikskóla, grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarstarfi. Markviss fræðsla og ítarleg kynning á ferlinum þarf að fara fram á meðal stjórnenda og starfsfólks.*

5.2 *Útbúinn verði **verkferill um forvarnir gegn ofbeldi gagnvart börnum** fyrir alla starfsstaði skóla- og frístundasviðs sem taki til eftirfarandi þátta:*

5.2.1 *Leiðbeiningar fyrir starfsfólk til að þekkja vísbendingar um að ofbeldi gæti hafa átt sér stað og hver eru næstu skref í málinu.*

5.2.2 *Í verkferlinum komi fram mikilvægi þess að forðast er eins og hægt er að starfsmaður sé einn í lokuðu rými með barni/börnum í lengri tíma.*



Reykjavík



5.2.3 Stofna fagteymi til að halda utan um verkferilinn og innleiðingu. Lagt er til að í teymið verði þverfaglegt svo fjölbreytt sjónarmið komi að s.s. mannauðsráðgjafi, leikskólastjóri, lögfræðingur, kynfræðingur. Teymið verði skipað af framkvæmdastjórn SFS.

5.3 Markviss fræðsla, kynning á ferlinum og innleiðing fari fram á meðal stjórnenda og starfsfólks.

5.3.1 Ferill verði kynntur starfsfólki um leið og ráðningasamband hefst og sé hann aðgengilegur fyrir starfsfólk og foreldra.

5.4. Bæta þarf umfjöllun um ofbeldi gagnvart börnum í nýliðarfræðslu SFS á Torginu.

5.5 Að SFS innleiði **feril um atvikaskráningar** til að halda utan um og vista atvikaskráningar er varða ábendingar, athugasemdir og samtöl sem snúa að starfsfólki. Slíkar skráningar eiga að fara í skjalastjórnunarkerfi Reykjavíkurborgar, Hlöðuna. Gera þarf leiðbeiningar fyrir stjórnendur um ólíkar skráningar og innihald þeirra og framsetningu.

5.6 Skipa **leiðtoga vinnuverndar á skóla- og frístundasviði** sbr. tillögu í aðgerðaráætlun öryggisstefnu Reykjavíkurborgar fyrir árið 2026 um skipulag öryggismála hjá borginni. Verkefni viðkomandi væru að leiða og halda utan um öryggismál og vinnuverndarstarf fyrir sviðið í heild. Innleiðing á öryggis- og heilbrigðisáætlana starfsstaða (áhættumat), verkferla um ofbeldi gegn starfsfólki, þátttaka í starfshópum, vinnsla slysamála, leiða öryggisnefnd, upplýsingagjöf, vera stjórnendum starfsstaða til ráðgjafar og aðstoðar o.fl. Fjármagna þarf eitt stöðugildi á skóla- og frístundasviði til að fylgja eftir innleiðingu öryggisstefnu Reykjavíkurborgar. Áætlaður launakostnaður, með launatengdum gjöldum og rekstrarkostnaður 17.500.000.

5.7 Skyldufræðsla/vinnustofur **um ráðningaferla og móttöku nýliða fyrir stjórnendur**. Lagt er til að farið verði í átaksvinnu á vegum mannauðsdeildar SFS til að skerpa á ferlum og mikilvægum þáttum í ráðningaferli og móttökuáætlun. Ráðnir verði tveir mannauðsráðgjafar til verkefnisins.

Hlutverk þessara mannauðsráðgjafa væri að:

5.7.1 Tryggja að ráðningarferli séu faglega unnin og fræða stjórnendur um t.d. hæfnikröfur í auglýsingum (menntun, tungumálakunnáttu, sakavottorð), öflun umsagna, skjölun ráðninga og starfsmannamála almennt.

5.7.2 Tryggja skilvirkara ferli um upplýsingaöflun úr sakaskrá. Etv. þarf að eiga samtal við saksóknara vegna þess. Gera átak í að tryggja að búið sé að afla upplýsinga úr sakaskrá um allt starfsfólk sem er að störfum og skoða



Reykjavík



möguleika á einhvers konar eftirfylgni, þ.e. að afla upplýsinga úr sakaskrá á X ára fresti. Skoða möguleika á að tryggja að starfsmaður geti ekki hafið störf fyrr en búið er að afla þessara upplýsinga og er hér horft til þess að nýta ráðningarkerfi til þess.

5.7.3 Setja á skyldufræðslu um móttöku nýs starfsfólks. Lögð verði áhersla á að stjórnendur séu með gott móttökufærli fyrir nýliða þar sem áhersla er lögð á fræðslu, leiðbeiningar og stuðning. Þá verði einnig lögð áhersla á að reynslutími sé nýttur og að skráningar á leiðbeiningum og leiðbeinandi samtölum séu til staðar. Skoða möguleika á að starfsmaður sé á launum í upphafi starfs án þess að talin séu á hann börn. Þessir dagar nýtist í fræðslu. (Tillaga í stýrihópi).

5.8 Til þess að hægt sé að bregðast við ofangreindum verkefnum þarf að fjölga mannauðsráðgjöfum um tvö stöðugildi. Áætlaður launakostnaður, með launatengdum gjöldum og rekstrarkostnaði er 35.000.000.Þetta er afar mikilvæg ráðstöfun með tilliti til fjölda starfsfólks á sviðinu og í samanburði við fjölda mannauðsráðgjafa á öðrum sviðum.

6. Forvarnir

Unnið verði enn frekar að því að skapa menningu þar sem öryggi barna er í forgrunni og þar sem fagmennska og nærgætni eru leiðarljós í öllu starfi.

Skipulag leikskólastarfs með öryggi barna í forgrunni.

Almennt í skipulagi á starfsemi leikskóla skuli forðast eins og hægt er að starfsmaður sé einn í lokuðu rými með barni/börnum í lengri tíma. Til dæmis ef einn starfsmaður er að aðstoða börn á salerni að þá sé annar/aðrir starfsmenn með hinum börnunum nálægt eða í næsta rými; að starfsfólk sjái, heyri í og/eða sé nálægt hvert öðru.

Húsnæði - öryggi barna og starfsfólks við hönnun bygginga og endurgerð leikskóla.

Mikilvægt er að öryggi barna og starfsfólks sé haft í huga við hönnun og byggingar nýrra leikskóla. Rými séu þannig að auðvelt sé að hafa yfirsýn yfir fleiri en eitt svæði og á rýmum séu gluggar eða annað sem gerir starfsfólki kleift að sjá inn / eiga samskipti sín á milli. Hljóðvist verði bætt svo ekki þurfi að loka á milli rýma til að minnka hávaða.

Breytt verklag fasteignastjóra í hverfum eftir að mál kom upp í Múlaborg.

Sendi leikskólastjóri inn verkbeiðni með óskum um breytingu á leikskólahúsnæði m.t.t. öryggis starfsfólks og barna, verði brugðist við því strax og það flokkað sem forgangsmál. Fasteignastjórar sinni þessum beiðnum og verði meðvitaðir um mikilvægi þess að bregðast fljótt við.

Töluvert hefur komið af beiðnum frá leikskólastjórum um að setja glugga í hurðir og lækka skilrúm á salernum eftir að atvik kom upp í Múlaborg. Ljóst er að mikill kostnaður hlýst af verkefninu.

Námsefnið „Opinskátt um ofbeldi“ eða annað námsefni sem hentar leikskólabörnum verði nýtt í öllum leikskólum borgarinnar með áherslu á öryggi, virðingu og jákvæð samskipti.



Reykjavík



Hér eru dæmi um námsefni og fræðsluefni fyrir starfsfólk og foreldra sem hægt er að nota í slíkum tilgangi:

- Kennsluleiðbeiningar frá Jafnréttisskóla Reykjavíkur um örugga og óörugga snertingu sem má finna [hér](#).
- Fræðsluefni í fræðslupakka Jafnréttisskóla Reykjavíkur sem útbúinn var í Viku6 2025 sem má finna [hér](#). Þar má meðal annars finna litabók um snertingu, samþykki og mörk, sem hægt er að prenta út.
- Opinskátt um ofbeldi – Markmið verkefnis er að auka þekkingu barna á ofbeldi og gera þau fær um að ræða það opinskátt og taka afstöðu gegn því. Menntastefna.is
- Vefurinn **Stopp ofbeldi!** sem Miðstöð menntunar og skólaþjónustu heldur úti er safnvefur með efni sem nýtist til forvarnarvinnu um kynbundið ofbeldi og áreiti á öllum skólastigum. [Leikskóli • Stopp ofbeldi!](#)
- [Erfið spjöll: Þegar barn eða ungumenni greinir frá ofbeldi. Handbók fyrir starfsfólk skóla og frístundasviðs.](#) Þar eru upplýsingar til dæmis um hvernig bregðast megi við ef barn greinir frá ofbeldi, hvað skuli forðast að segja og hvað sé gott að segja, af hverju sum börn greina ekki frá ofbeldi. (Margt í handbókinni miðar að eldri krökkum/unglingum en auðvelt væri að gera afrit sem hentar leikskóla/yngsta stigs aldri).

Eftirfarandi tillögur falla innan fjárhagsramma SFS .

Tillögur til umbóta

- 6.1 *Leikskólastjórar meti aðstæður á sínum starfsstað með starfsmannahópnum, með tilliti til öryggis barna og starfsfólks. Hver og einn leikskóli komi sér saman um verklag út frá aðstæðum í leikskólanum. Verklag verði skráð t.d. í starfsmannamöppu/handbók og kynnt nýju starfsfólki þegar það hefur störf.*
- 6.2 *Í nýjum leikskólum verði farið eftir viðmiðum um leikskólabyggingar sem Eignarskrifstofa vinnur að í samstarfi við skóla- og frístundasvið. Í viðmiðunum er öryggi barna og starfsfólks haft í huga. Við endurgerð eldri leikskóla er farið eftir sömu reglum.*
- 6.3 *Fræða þarf börn um líkamann, snertingu og kenna þeim reglur um slíkt. Þegar þau fá fræðslu eru þau bæði líklegri til þess að segja frá og geta sett mörk. Mikilvægt er að fræða starfsfólk, börn og fjölskyldur um ofbeldi, kynna námsefni og verkferla.*

Fræðsla fyrir starfsfólk



Reykjavík



- 6.3.1 Mikilvægt að starfsfólk á skóla- og frístundasviði hafi tekið námskeiðið, Kynferðisofbeldi og kynferðisleg hegðun barna og unglunga á vegum Barna og fjölskyldustofu.
- 6.3.2 Verklag og fræðsluefni um ofbeldisforvarnir ætti að vera aðgengilegt fyrir starfsfólki. Bæði í starfsmannahandbók og sýnilegt í starfsmannaaðstöðu. Til að mynda á upplýsingasiðu með ýmsu sem tengist starfi leikskóla. Sbr. Jafnréttisskólinn.
- 6.3.3 Þjálfarar starfsfólks í að fræða börn um ofbeldi og öryggi.
- 6.3.4 Lagt er til að tilnefna einn starfsmann á starfstöð sem er forvarnarfulltrúi/tengiliður forvarna (tengja mögulega við farsældarfulltrúa/tengilið).

Fræðsla fyrir börn og fjölskyldur

6.3.5 Fræðsluefni um ofbeldisforvarnir verði aðgengilegt fyrir foreldra. Til dæmis á upplýsingasiðu leikskólans. Upplýsingar um hvernig á að tala við börn um líkamann og snertingu sem forvörn.





7. Viðbótarfjármagn vegna tillagna borgarráðs

Samantekt á viðbótarfjármagni sem óskað er eftir við innleiðingu á framangreindum aðgerðum. Markmið aðgerðanna er að auka öryggi og faglegt starf í leikskólum.

Tillaga númer	Skýring	Fjöldi	Kostnaður	Samtals
3.1 og 3.2	Leikskólaráðgjafi	4	18.000.000	72.000.000
	Tölvur og starfsmannatengdur kostnaður	4	1.500.000	6.000.000
			Samtals	78.000.000
5.6	Leiðtogi vinnuverndar á SFS	1	16.000.000	16.000.000
	Tölvur og starfsmannatengdur kostnaður	1	1.500.000	1.500.000
			Samtals	17.500.000
5.1 og 5.5 og 5.7	Mannauðsráðgjafi	2	16.000.000	32.000.000
	Tölvur og starfsmannatengdur kostnaður	2	1.500.000	3.000.000
			Samtals	35.000.000
			Samtals heild	130.500.000,00

